

Reykjavík, 14.12.2020
/

Nefndasvið Alþingis - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir ofl. (niðurdæling koldíoxíðs)

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 2. desember 2020, varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir en með því er markmiðið að tryggja öryggi niðurdælingar á koldíoxíði hér á landi. Frumvarpið er samið af starfshópi umhverfis- og auðlindaráðherra og átti Orkuveita Reykjavíkur (OR) fulltrúa í hópnum líkt og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið. OR hefur áralanga reynslu af niðurdælingu á koldíoxíði hér á landi og hefur komið að þróunar sk. Carbfix aðferðar sem leiðir til þess að niðurdælt koldíoxíð steinrennur á innan við tveimur árum. OR þakkar ráðherra fyrir það traust sem fyrirtækinu var sýnt með því að leita til þess um ráðgjöf á þessu sviði sem og starfshópnum fyrir hið jákvæða samstarf.

Frumvarpið er mikið fagnaðarefni enda mikilvægt að treysta lagaumhverfi niðurdælingar hér á landi. Þá er brýnt að tryggja samspil niðurdælingar við viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir annars vegar og regluverk um mat á umhverfisáhrifum hins vegar. Mikilvægt er þó að hafa í huga að nánari útfærsla regluverksins er eftir en frumvarpið gerir ráð fyrir því að í reglugerð verði útfærð nánari ákvæði um m.a. leyfisveitingar, gagnaskil til stjórnvalda og eftirlit með rekstraraðilum. Mun sú útfærsla kalla á samræmi við viðauka tilskipunar 2009/31 um niðurdælingu að því marki sem slíkt er mögulegt þar sem viðauki tilskipunarinnar gerir ráð fyrir því að niðurdæling CO₂ eigi sér stað með öðrum hætti en Carbfix aðferðin beitir.

OR vekur athygli á því að mörg verkefni eru í bígerð hér á landi á sviði niðurdælingar, sum hver tilraunaverkefni en önnur nánari útfærsla og uppskölun á hinn sannreynðu Carbfix aðferð. Flest þeirra hafa verið kynnt stjórnvöldum og samtalið sér stað um leyfisveitingar og heimildir fyrir gangsetningu þeirra í samræmi við núgildandi regluverk. Rekstraraðilar þeirra hafa því réttmætar væntingar um að núgildandi reglur taki til þeirra verkefna og að gildistaka laganna muni ekki breyta neinu þar um. Þannig verður að ætla að lögini muni taka til verkefna hvers undirbúningur hefst eftir gildistöku laganna.

Að öðru leyti fagnar OR frumvarpinu og því skrefi sem stigið er með því. Óski nefndasvið Alþingis eftir frekari upplýsingum eða skýringum veita undirritaðar þær góðfúslega.

Virðingarfyllst,



Hólmfríður Sigurðardóttir
Umhverfisstýra OR



Edda Sif Aradóttir
Framkvæmdastýra Carbfix